

LÖG

um breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Heimilt er að endurgreiða þeim sem leyfi hafa til fólksflutninga í atvinnuskyni samkvæmt lögum nr. 13/1999, um skipulag á fólksflutningum með hópferðabifreiðum, $\frac{2}{3}$ hluta þess virðisaukaskatts sem greiddur er vegna kaupa eða leigu hópferðabifreiða á tímabilinu 1. september 2000 til 31. desember 2003. Endurgreiðsluheimildin verði bundin við hópferðabifreiðar, þ.e. ökutæki sem aðallega eru ætluð til fólksflutninga, sem skráðar eru fyrir 18 manns eða fleiri að meðtöldum öikumanni, sem nýskráðar eru á tímabilinu og búnar eru aflvélum samkvæmt EURO2 staðli ESB. Heimildin tekur ekki til almenningsvagna.

Fjármálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd endurgreiðslunnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 26. maí 2001.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Geir H. Haarde.